

Til bæjarstjórnar Múlaþings

Lyngási 12

700 Egilsstöðum.

Seyðisfirði 7. Júní 2022.

Efni: Saga Seyðisfjarðar.

Áhugi fyrir ritun sögu einstakra byggðarlaga hefur farið vaxandi í landinu á síðustu árum og áratugum og hefur nú verið skráð saga margra sveitar- og bæjarfélaga, sem íbúar eru stoltir af, og sem mikið er vitnað til. Um er að ræða gagnmerkar heimildir í vönduðu formi, sem sögubjóðinni er sómi að.

Eitthvert merkasta og söguríkasta byggðarlag landsins er Seyðisfjörður. Kemur þar til fjölbreytt mannlíf, þar sem fléttast hefur saman fjölskrúðug menning og félagslíf, sem byggst hefur á öflugum atvinnulífi.


Vaknað hefur áhugi Seyðfirðinga og ýmissa austfirskra fræðimanna á því að hafist verði handa við að gefa út heildstæða sögu Seyðisfjarðar. Nokkur umræða hefur átt sér stað meðal áhugafólksins, án þess að hugmyndin sé fullmótuð. Þó er svo komið málum að mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hver útgefandi gæti verið að verkinu, sem í framhaldinu þyrfti að setja á fót ritnefnd og að velja ritstjóra.


Auk heimamanna hafa átt frumkvæði að málinu þeir Helgi Hallgrímsson fræðimaður á Egilsstöðum og Sigurjón Bjarnason formaður Sögufélags Austurlands, en stjórn félagsins hefur lýst vilja sínum til að styðja verkefnið ef það mætti verða því til framdráttar. Rætt hefur verið við fjölmarga Seyðfirðinga, bæði brottflutta og heimamenn og eru menn almennt reiðubúnir að styðja málefnið, bæði með heimildavinnu og annarri aðkomu.


Við undirrituð höfum verið valin af áhugamannahópnum til að vinna málinu framgang og viljum við nú með bréfi þessu óska eftir því að bæjarstjórn Múlaþings taki málið upp á sínum vettvangi og komi til samstarfs við okkur og aðra þá sem hafa hug á að leggja málinu lið með því að skipa undirbúningsnefnd og leggja til lágmarks fjármagn í þeim tilgangi að móta skýra stefnu um það hvernig að útgáfunni verði staðið.

Um leið og við væntum jákvæðra viðbragða bæjarstjórnar lýsum við okkur reiðubúin til viðræðna um einstaka þætti þessa mikilvæga verkefnis, sem á örugglega eftir að vekja athygli á landsmælikvarða, ef vel tekst til og ætti því að vera sveitarfélagi okkar til sóma til langrar framtíðar.

Virðingarfyllst.


Aðalheiður Borgþórsdóttir


Jóhann P. Hansson


Sigurjón Bjarnason